

AUGLÝSING

25

29. febr.

um staðfestingu dómsmálaráðuneytisins á samþykkt um breytingu á lögreglu-samþykkt fyrir Vestmannaeyjakaupstað frá 31. marz 1928.

Fyrsta málsgr. 7. gr. orðist svo: 1. gr.

Bönnuð er notkun hvers konar skotvopna við fugladráp á Heimaey. Enn fremur er bönnuð notkun skotvopna á innri höfninni.

2. gr.

Við 29. gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Öllum er óheimilt að fara í húðkeipum (kajökum) út á sjó, hvort heldur er á höfninni eða annars staðar við Vestmannaeyjar.

3. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Þetta birtist hér með öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dómsmálaráðuneytinu, 29. febrúar 1952.

Bjarni Benediktsson.

Gústav A. Jónasson.

AUGLÝSING

26

18. febr.

um breytingu á gjaldskrá fyrir Rafveitu Hafnarhrepps, nr. 159 18. júlí 1950.

I. kafli gjaldskrárinnar orðist svo:

I. RAFORKA

Rafveita Hafnarhrepps selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

1. Um kwst.mæli á kr. 2.60 hver kwst. Við þessu verði skal selja hvers konar raforkunotkun, sem ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár.
2. Til götu- og hafnarlýsingar um kwst.mæli á kr. 1.90 hver kwst.

B. Almenn heimilisnotkun.

Um kwst.mæli á kr. 0.75 hver kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 5.00 á mánuði af 5 herbergjum hverrar íbúðar, og kr. 3.00 á mánuði af hverju herbergi umfram 5.

Til herbergja í íbúð skal telja öll íveruherbergi og eldhús, en ekki ganga, baðherbergi eða geymslur.

C. Vélnotkun.

1. Um kwst.mæli á kr. 1.50 hver kwst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma má krefjast minnsta árgjalds kr. 200.00 á hvert uppsett kw. vélanna.
2. Til vélareksturs í verksmiðjum og frystihúsum um kwst.mæli á kr. 0.75 hver kwst.

26 Rafveitan áskilur sér rétt til að rjúfa straum allt að 2 stundum um hádegi og 18. febr. 1—2 stundir síðdegis. Einnig á öðrum tímum, ef spenna er mjög lág.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 18. febrúar 1952.

Hermann Jónasson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

27
21. febr.

REGLUGERÐ um lánasjóð stúdenta.

1. gr.

Við Háskóla Íslands skal vera sjóður, er ber nafnið lánasjóður stúdenta. Skal sjóðnum varið til að veita stúdentum við háskólann námslán.

Þeir einir teljast stúdentar við Háskóla Íslands í reglugerð þessari, er lokið hafa prófi, er veitir rétt til innritunar í Háskóla Íslands, eru íslenzkir ríkisborgarar og skráðir á nemendaskrá háskólans og stunda þar nám reglulega, að dómi kennara sinna.

2. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð fimm mönnum: tveim tilnefndum af háskólaráði, tveim af stúdentaráði háskólans og menntamálaráðherra skipar einn án tilnefningar. Menntamálaráðherra skipar síðan formann sjóðsstjórnar úr hópi stjórnenda. Framangreindir aðilar skulu tilnefna jafnmarga menn til vara og skulu stjórnarmennirnir skipaðir til þriggja ára í senn, en þó þannig, að eftir fyrstu tvö árin skulu tveir ganga úr eftir hlutkesti. Stjórnin skal halda gerðabók um störf sín. Í stjórninni ræður meiri hluti atkvæða úrslitum mála.

3. gr.

Lán úr sjóðnum skulu veitt þeim stúdentum einum, er um getur í 1. gr.

Sé eigi unnt að fullnægja öllum lánbeiðnum, skulu þeir stúdentar ganga fyrir að öðru jöfnu, sem lengst eru komnir í námi eða eru að búa sig undir meiri háttar próf.

4. gr.

Lán skulu veitt tvisvar á ári, í nóvember og marzmánuði. Heimilt er að lána árlega allt að 500 000 krónum. Sjóðsstjórn ákveður, hve mikið fé skal lána hvort skipti.

Umsóknum um lán skal skila eigi síðar en fyrsta þess mánaðar, sem lánin eru veitt, og skal umsóknarfrestur eigi skemmri en þrjár vikur.

5. gr.

Við veitingu lána skal taka tillit til efnahags umsækjanda og hæfilegs náms tíma hans.

Rísi ágreiningur um, hvað teljast skuli hæfilegur námstími stúdents, skal sjóðsstjórnin leita umsagnar viðkomandi deildar.

6. gr.

Stúdentar skulu enga vexti greiða, meðan á námstíma stendur, en greiða lánin upp með jöfnum afborgunum og 3½% vöxtum á tíu árum. Skulu vaxtagreiðsl-